



**Fræðslunefnd**  
**1. FUNDUR - 22. júní, 2006**

Fundur haldinn í fræðslunefnd fimmtudaginn, 22. júní, 2006 kl. 18:00 á bæjarskrifstofu. Bæjarstjóri setti fund og bauð nýkjörna nefnd velkomna til starfa. Mæting samkvæmt undirskriftum.

**Dagskrá og afgreiðslur:**

**1. Kosningar.**

- Tillaga kom fram um Helgu Kristínu Gestsdóttur sem formann fræðslunefndar. Samþykkt samhljóða.
- Tillaga kom fram um Sunnu Gestsdóttur sem varaformann. Samþykkt samhljóða.
- Tillaga kom fram um Jakobínu Halldórsdóttur sem ritara. Samþykkt samhljóða.

**2. Erindisbréf fyrir skólanefndir.**

Erindisbréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga lögð fram.

**3. Tillaga að ráðningu aðstoðarskólastjóra.**

Auðunn Steinn Sigurðsson vék af fundi undir þessum lið vegna skyldleika. Tillaga skólastjóra að aðstoðarskóla er að Sigríður Bjarney Aadnegard verði ráðin og styður fræðslunefnd hana. Bæjarstjóri vék af fundi er þessum lið lauk.

**4. Önnur starfsmannamál og ráðningar.**

Auglýst var í kennarastöður og rann umsóknarfresturinn út 01.06 umsóknir bárust frá  
Ásgeiri Hannesi Aðalsteinssyni  
Sigprúði Guðmundu Sigfúsdóttur  
Raimund Bernhard Brockmeyer-Urbschat  
Tillaga skólastjóra er að ráða Ásgeir Hannes Aðalsteinsson og hafnar öðrum umsóknum og styður fræðslunefnd þá tillögu. Skólastjóri kynnti að uppsögn frá Kristínu Júlíusdóttur barst í síðustu viku eru henni þökkuð góð störf. Auglýst verður í hennar starf í næstu viku.

**5. Önnur mál.**

Helga Kristín formaður kynnti að ráðist verður í gerð sparkvallar á næstu vikum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:00

Helga Kristín Gestsdóttir (sign.)

Jakobína Halldórsdóttir (sign.)

Sunna Gestsdóttir (sign)

Auðunn Steinn Sigurðsson (sign)

Árný Þóra Árnadóttir (sign)

Helgi Arnarsson skólastjóri (sign)

Þórhalla Guðbjartsdóttir aðstoðarskólastjóri (sign)

Hugrún Sif Hallgrímsdóttir fulltrúi kennara (sign)

Hanna Kristín Jörgensen fulltrúi foreldra (sign)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)